Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf frá Þórarni Ben

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti – Berlínarárin – Þórarinn Ben, bréf og kort 1. ágúst til 9. september 1931.

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar
Askja 1-6, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Herrn cand jur

Bjarni Benediktsson,

b/Bernstein

Berlin - Chb.

Mommsenstr. 39 II

Nr. 112. Originalphoto Hans Hartz. Verlag: Hans Andres, Hamburg

Hamburg 1/8/31.

Bjarni minn góður,

Til Hamborgar komst jeg, en illa, eða rjettara sagt vond var heilsan á leiðinni. Borðaði ekki, reykti ekki og drakk ekki lofaði bara vitinu betrun og bót o.s.f. en hræddur er jeg um, að fyrir mjer fari eins og í vísunni.... en samt er jeg hræddur ef margt gengur mót, að mjer fari að langa í tárið. Gleymdu ekki myndunum! Förum

idag kl. 3 e.h. Jeg verð víst eini farþeginn & þjóðverjar hættu við að fara vegna 100 Mk. ann. Jeg held að Hamborg sje stórbæjarlegri heldur en Berlin. Norska vinkonan var farin í frí til Oslo. Sorglegt. Margbless. Þór[illegible] Ben.

HAMBURG Universität



Skrifað kort 21. sept

Reykjavík, 9/9/31.

Kæri vinur,

loksins gat jeg fengið það, sem ávantaði og muntu finna það hér í þessu bréfi. Tékkurinn er upp á þitt nafn og hljóðar á 80 Rmk. eins og um var talað. Jeg þakka þjer svo kærlega fyrir lánið og vona að þessi óskilvísi mín, eða skuldseigja hafi ekki sett þig í nein vandræði eða komið þér mjög illa.

Héðan er ekkert að frétta; jeg hef ekkert farið síðan jeg kom, enda ekki mátt vera að því, því jeg hef verið að vinna allan daginn frá morgni til kvölds. Jeg og Eiki bróðir erum að fara gegnum bókasafn pabba og búa til skrá, er það mikið verk, jeg held næstum að það muni verða um 12.000 bindi, svo þú sérð að jeg er ekki beinlínis að slæpast. Þar fyrir utan er jeg að afskrifa Ísl. bókmentasögu eftir Sig. Nordal, bók sem er uppá ca. 1000 skrifaðar síður. Í tómstundum mínum er jeg að lesa ýmsa pésa eftir Cassel og Jevons. Á kvöldin sit jeg á Borg. Það eru ljótu sögurnar, sem ganga um þá knæpuna; jeg skal segja þjer þær jeg kem, þær eru nefnilega of ljótar til að skrifa niður, og er þá mikið sagt. Jeg hitti Bjarna Guðmundsson um daginn, var hann ný kominn frá Siglufirði lét hann hið besta yfir sér. Hann er búinn að þýða

„ Was kam det Siegesmund dafür ....„ á Ísl.

Jeg er að hugsa um að fara héðan fyrst í Oktober, og vera kominn til Berlin svona um miðjan mánuð. Jeg þakka fyrir myndirnar, sem komu með sama skipi og jeg sjálfur. Pétur Ólafsson fór til Berlin, hefur þú séð hann? Fyrirgefðu þennan miða. Skipið fer kl. 8. en brefið þarf að vera komið í póstinn kl. 6. til að fá ábyrgð. Klukkan er að slá.

Vertu margblessaður

þinn

Þórarinn Ben.